

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 156/2024

2024/EES/76/08

frá 5. júlí 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/346 frá 22. janúar 2024 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á trimagnesíumdísítrati í fæðubótarefni <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/374 frá 24. janúar 2024 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar fyrirsögn matvælaflokkanna fyrir áfenga drykki og notkun á nokkrum aukefnum í tiltekna áfenga drykki <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):

- „— **32024 R 0346:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/346 frá 22. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/346, 23.1.2024),
- **32024 R 0374:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/374 frá 24. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/374, 25.1.2024).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):

- „— **32024 R 0346:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/346 frá 22. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/346, 23.1.2024).“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2024/346 og (ESB) 2024/374, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/346, 23.1.2024.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/374, 25.1.2024.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Anders H. Eide***

formaður

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.